

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á opnum tollkvótum á afurðum alifugla.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum á afurðum alifugla samkvæmt viðauka IV A við tollalög, sbr. 65. gr. A tollalaga og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn, verð- og magntoll:

| Tollskrárnúmer: | Vara   | Tímabil           | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr./kg |
|-----------------|--|-------------------|----------------|-----------------|----------------------|
|                 | <b>Kjöt og ætí hlutar af alifuglum, fryst:</b>       |                   |                |                 |                      |
|                 | <i>- Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:</i> |                   |                |                 |                      |
| 0207.1200       | Ekki skorið í hluta, fryst                           | 10.02. - 16.03.14 | ótilgreint     | 0               | 197                  |

## 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins, með síðari breytingum.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 16. mars 2014.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. febrúar 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Ása Þórhildur Þórðardóttir.*